

Retrierverdeild HRFÍ



Skýrsla stjórnar 2014

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 12. mars 2015
í Sólheimakoti



Stjórn og nefndir

Ræktunarstjórn	Veiðinefnd	Sýninganefnd	Göngu- og skemmtinefnd	Básanefnd
Arnar Tryggvason Guðbjörg Guðmundsdóttir Heiðar Sveinsson* Þórgunnur Pétursdóttir Þórhallur Viðar Atlason	Arnar Tryggvason * Fanney Harðardóttir Guðjón P. Sigurðsson Heiðar Sveinsson Ingibjörg Friðriksdóttir Ingólfur Guðmundsson Ívar Guðmundsson Jens Magnús Jakobsson Kristján Baldvinsson Þórhallur Viðar Atlason	Elsa Hlín Magnúsdóttir * Guðbjörg Guðmundsdóttir Sigrún Guðlaugardóttir	Atli Már Erlingsson Árnmarr J. Guðmundsson Guðrún Rakel Svandísardóttir Svanhildur Skúladóttir	Sigrún Guðlaugardóttir Svanhildur Skúladóttir Arnar Tryggvason

* Formaður

Deildin

Retrieverdeildin er hópdeild innan HRFÍ sem fer með málefni Retrieverhunda í tegundahópi 8. Í dag eru skráðir 2055 (+91 frá í fyrra) hundar á lífi af 5 tegundum;

- 1 Nova Scotia Duck Toller Retriever (+1)
- 1 Chesapeake Bay (±0)
- 22 Flat-coated Retriever (-1)
- 289 Golden Retriever (+14)
- 1730 (+77) Labrador Retriever

Allir retrievereigendur sem greiða félagsgjöld til HRFÍ teljast virkir félagsmenn.

Starfsemi


Á síðasta starfsári hélt deildin 14 veiðipróf og alls þreyttu 183 hundar próf, stóð fyrir deildarsýningu og voru 65 hundar skráðir, þá stóð göngu- og skemmtinefnd fyrir göngum og ýmsum öðrum uppákomum jafnt og þétt og hafa viðburðirnir verið vel sóttir. Á síðasta starfsári voru haldnir 6 stjórnarfundir, auk mikilla samskipta gegnum netið. Stjórn sendi fulltrúa á báða fulltrúaráðsfundi HRFÍ.

Ræktunarráð

Ræktunarráði bárust alls 7 þörunarbeiðnir á árinu og var þeim öllum svarað. Þetta er sami fjöldi og í fyrra og því ekki aukning í að nota rakkalista félagsins sem eru allir rakkar sem uppfylla kröfur ræktunarstjórnar.

Got á árinu

Skráðir hvolpar í ættbók hjá HRFÍ árið 2014 voru: 110 Labrador hvolpar úr 17 gotum sem eru 6 gotum og 57 hvolpum færri en 2013 og 37 Golden hvolpar úr 6 gotum, sem er aukning um 3 got og 17 hvolpa. Ekkert Flat-coated got var á síðasta ári.



1. mynd. Fæðingarár ættbókarskráðra Labrador, Golden og Flatcoated Retriever frá upphafi

Innflutningur

Fluttur voru inn 4 Labrador Retriever, 3 Golden Retriever og 1 Nova Scotia Duck Toller Retriever árið 2014.

Veiðinefnd

Veiðinefnd hélt nokkra fundi á seinasta ári og skipulagði og stóð að 14 veiðiprófum. Nefndin lagði til starfs- og fjárhagsáætlun fyrir stjórn deildarinnar fyrir árið 2015.

Dagskrá 2015

Dagskrá 2015 og fjárhagsáætlun var samþykkt af stjórn HRFÍ á fundi 19. nóvember 2014 og var dagskráin birt formlega á heimasíðu deildarinnar í framhaldi af því. Þar er gert ráð fyrir 11 veiðiprófum, þremur 2 tveggja daga prófum, þar af 2 með erlendum dómurum. Stjórn HRFÍ samþykkti beiðni deildarinnar um deildarsýningu í ár og verður hún haldin 11. júlí að Brautarholti á Skeiðum.

Mjaðma- og olnbogamyndir

Þrjár tegundir voru mjaðmamýndaðar (HD) á árinu: 38 Labrador, 30 fríir, 7 með C og 1 með D. 4 Golden, 2 fríir og 2 með C. 4 Flat coated og voru allir fríir. Þrjár tegundir voru einnig olnbogamyndaðar (ED) á árinu. 37 Labrador, 35 fríir, 1 með C og 1 með D. 4 Golden, 3 fríir og 1 með C. 4 Flat-coated, allir fríir.

Augnskoðanir

Fjórar augnskoðanir voru framkvæmdar á árinu. Alls mættu 88 retrieverhundar og voru 77 þeirra án augnsjúkdóma, 72 Labrador retriever voru skoðaðir og greindust 5 með cataract, 1 með distichiasis og 1 með dystrophi, 13 Golden retriever voru skoðaðir og greindist 1 með cataract, 2 með PHTVL/PHPV og 1 með cornel dystrophi, 3 Flat coated retriever voru skoðaðir og voru allir fríir við sjúkdóma.

Göngur, skemmtikvöld, sýningaþjálfanir, hvolpasprell og fræðslufundur

Göngu- og skemmtinefnd stóð fyrir taumgöngum á hinum ýmsu svæðum borgarinnar allt síðasta ár og var mæting góð, margir áhugasamir Retrievereigendur hafa bæst í hópinn. Skemmtikvöld voru haldin á síðasta ári og voru þau vel sótt, sérstakir hvolpadagar voru tveir þar sem hundar undir eins árs hittust og fengu að hlaupa saman. Göngu- og skemmtinefndin hefur einnig verið iðin við að brydda upp á nýjungum og hefur óspart hvatt deildarmeðlimi til að mæta á útilögur deildarinnar í tengslum við veiðiprófin og deildarviðburð. Sýningaþjálfun deildarinnar hefur verið mjög vel sótt og þökkum við þeim sem borið hafa hita og þunga af þjálfuninni kærlega fyrir þeirra framlag.

DNA próf vegna PRA (Progressive Retinal Atrophy, eða arfgeng vaxandi sjónurýrnun)

Frá 01.01.2005 til 01.03.2014 hafa 139 labradorhundar verið DNA prófaðir vegna prcd-PRA og greindust 86 N/C, 20 berar (Carrier; #) og 3 með meingenið (prcd PRA). Síðan 2008 hafa 35 Golden Retriever verið prófaðir fyrir prcd-PRA og hafa þeir allir greinst N/C.


Árið 2012 var fyrst gerð krafa um að Golden Retrieverhunda þurfi einnig að DNA prófa fyrir GR_PRA1 og hafa 18 hundar verið prófaðir allir N/C. Eftir 1. desember 2014 er það krafa fyrir ættbókarskráningu Golden Retriever hvolpa að foreldrar séu DNA prófaðir fyrir GR_PRA 2.

Sýningar

Fimm sýningar fyrir retrieverhunda voru haldnar á starfsárinu á vegum HRFÍ, 4 alþjóðlegar, ein Reykjavík Winner sýning. Af alls um 3750 skráningum voru (eða um 10% allra skráninga) Retriever skráningar á þessum sýningum; 254 Labrador, 93 Golden, 5 Flat-coated og 4 Nova Scotia Duck Tolling. Dyrheimar sf hafa gefið eignarbikara í BOB og BOS á öllum sýningum og Bendir ehf hafa gefið eignarbikara og verðlaunapeninga í hvolpaflokkum.

1. tafla. Þátttaka retrieverhunda í sýningum árin 2005-2014, skipt eftir flokkum. * = deildarsýning.

ÁR	HV.4-6	HV.6-9	ULFL	UHFL	OFL	VFL	MFL	ÖFL	SAMTALS
2005 (4 SÝN)	18	15	40	31	39	0	6	6	155
2006 (3 SÝN)	9	12	51	53	62	0	2	5	194
2007 (4 SÝN)*	21	23	22	59	108	0	0	4	237
2008 (4 SÝN)	8	24	52	23	98	10	1	0	216
2009 (5 SÝN)*	19	14	87	52	138	2	11	2	325
2010 (5 SÝN)*	29	41	83	39	149	10	15	5	371
2011 (5 SÝN)*	22	36	55	65	148	4	13	5	348
2012 (4 SÝN)	33	43	68	46	111	1	22	4	328
2013 (5 SÝN) *	32	27	78	67	143	20	34	4	405
2014 (6 SÝN) *	32	23	69	45	155	28	56	13	421



2. mynd. Þáttakaretrieverhunda í veiðiprófumogssýningum frá 1995 – 2014.

Veiðipróf

Fjórtán veiðipróf voru haldin á vegum deildarinnar á starfsárinu og tóku alls 183 Retrieverhundar þátt í prófum sem er 7 hundum færri en metárið 2013. Tveir erlendir dómaraar dæmdu, þeir Johnny Henriksen frá Danmörku í Húsafelli og Øyvind Veel frá Noregi á Snæfellsnesi. Dyrheimar, umboðsaðili Royal Canin á Íslandi, styrktu komu eins dómara til landsins og gáfu öll verðlaun eins og mörg undanfarin ár. Íslensku dómaraarnir fimm dæmdu og/eða gegndu hlutverki fulltrúa HRFÍ á árinu. Við þökkum Halldóri Garðari Björnssyni, Sigurði Ben Björnssyni, Sigurði Magnússyni, Margréti Pétursdóttur, Sigurmoni M. Hreinssyni og Degi Jónssyni fyrir óeigingjarnt starf í okkar þágu og þeim fjölmörgu starfsmönnum sem aðstoðuðu við framkvæmd prófanna. Í lok árs útskrifaðist nýr veiðiprófsdómari og fékk réttindi. Við óskum Kjartani I. Lorange innilega til hamingju og bjóðum hann velkominn til starfa.

Frá upphafi veiðiprófa árið 1995 hafa 149 próf verið haldin og alls 1714 þátttökur (668 í BFL, 443 í OFL og 603 í ÚFL). Alls hafa 198 Labrador hundar tekið þátt, 6 Golden Retriever, 2 Chesapeake Bay og 6 Flat-coated. Sex íslenskir dómaraar hafa dæmt alls 95 próf og 944 hunda frá upphafi, en 20 erlendir dómaraar hafa dæmt 45 próf og 614 hunda.

Skapgerðarmat

Enginn Retrieverhundur undirgekkst skapgerðarmat á árinu.

Meistarar

9 Labradorar hlutu meistaranaafnbót á árinu:

- ISFTCH Hvar Er Fuglinn Lotta – Eigandi: Áslaug Traustadóttir
- ISFTCH Ljósavíkur Nínó – Eigandi: Ingólfur Guðmundsson
- ISFTCH Lisdrum Omega of Copperbirch– Eigandi: Sigurmon Marvin Hreinsson
- ISFTCH Copperbirch Samurai– Eigandi: Sigurmon Marvin Hreinsson
- ISFTCH Kolkuós Míla – Eigandi: Ævar Valgeirsson
- ISSHCH Hólabergs Famous Sport – Eigandi: Vignir Björnsson
- ISCH Dolbia Avery Nice Girl – Eigandi: Erla Heiðrún Benediktsdóttir
- ISCH Mánasteins Birta – Eigandi: Guðrún Rakel Svandísardóttir
- C.I.E. ISSHCH Buckholt Cecil – Eigandi: Torfi Sigurjónsson

3 Golden hlutu meistaranaafnbót á árinu :

- ISShCh Amazing Gold Erró– Eigandi: Jónas Þorsteinsson
- ISShCh Heatwave Little Miss Sunshine– Eigandi: Steinunn Guðjónsdóttir
- ISShCh Great North Golden Aurora Boralis– Eigandi: Steinunn Guðjónsdóttir

2 Flat- Coated hlutu meistaranaafnbót á árinu :

- ISShCh Bez-Ami's Always My Charming Tosca – Eigandi: Fanney Harðardóttir
- ISShCh Almanza Too Soon To Panic– Eigandi: Ragnhildur Haraldsdóttir

Stigahæstu hundar 2014

Í sjötta sinn voru reiknuð stig fyrir frammistöðu á veiðiprófum og á sýningum ársins og var fimm hundum veitt viðurkenning á opnu húsi í Sólheimakoti.

Veiðipróf 2014: ISFTCH Ljósavíkur Nínó, með 61 stig. Eigandi: Ingólfur Guðmundsson. Farandbikar gaf Kolkuós ræktun.

Sýningar 2014 Labrador Retriever: ISHC Mánasteins Birta með 75 stig. Eigandi: Guðrún Rakel Svandísardóttir. Farandbikar gaf Leiruræktun.

Sýningar 2014 Golden Retriever: ISShCh Heatwave Little Miss Sunshine með 71 stig. Eigandi: Steinunn Guðjónsdóttir. Farandbikar gaf Great North Golden ræktun.

Sýningar 2014 Flat-coated Retriever: ISShCh Bez-Ami's Always My Charming Tosca með 44 stig. Eigandi: Fanney Harðardóttir. Farandbikar gaf www.vinnuhundar.com

Sýningar 2014 Nova Scotia Duck Toller Retriever: USCH CANCH Pikkinokka's Nice Try Avatar með 55 stig. Eigandi: Lára Birgisdóttir. Farandbikar gaf Amazing Gold ræktun.

Fagråd um ræktun Golden Retriever

Fagråd um ræktun Golden Retriever er ræktunarstjórn til ráðgjafar. Fagráðið er með sérstaka síðu á heimasíðu Retrieverdeildar og birtir þar m.a. ræktunarmarkmið fyrir tegundina.

Heimasíða

Retrieverdeildin heldur úti mjög öflugri heimasíðu sem er mikið heimsótt. Þar eru ýmsar upplýsingar aðgengilegar um starfsemi deildarinnar og gagnagrunnur með öllum ættbókum, heilsufarsupplýsingum og árangri hundanna okkar auk tölfraeðisamantekta ýmiss konar. Fundargerðir stjórnarfunda og almennra funda hafa verið birtar til að auðvelda félagsmönnum að fylgjast með því sem er á döfinni. Í september 2012 fékk síðan okkar andlitslyftingu og hún endurbætt að verulegu leyti. Heimasíðustjóri okkar er Olgeir Gestsson og þökkum við honum vel unnin störf á árinu sem endranær.

Dagskrá 2015

Dagskrá er ráðgerð með hefðbundnum hætti árið 2015. Sótt var um til HRFÍ að fá að halda deildarsýningu sem var samþykkt. Ellefu veiðipróf eru ráðgerð og vegna fráberrar þátttöku síðustu ára verður aftur haldið tveggja daga próf í Eyjafirði. Þá verður eitt veiðiprófana haldið á virkum degi sem hefur reynst vel. Dagskráin var samþykkt af stjórn HRFÍ og er sem hér segir:

Dagskrá 2015						
próf nr.	Dags	Skráning opnar	Staður	Dómari	Fulltrúi HRFÍ	Prófstjóri / sýningastjóri
201501	Lau.11.04.2015	(18.3.2015, kl.07.00)	Seltjörn	Halldór G. Björnsson	Sigurður Ben Björnsson	Heiðar Sveinsson
201502	Lau.25.04.2015	(1.4.2015, kl. 07.00)	Akranes	Margrét Pétursdóttir	Kjartan Lorange	Arnar Tryggvason
201503	Þri 12.05.2015	(18.4.2015, kl. 07.00)	Tjarnhólar BFL (OFL)	Sigurður Magnússon	Halldór G. Björnsson	Kári Heiðdal
201503	mið.13.05.2015	(18.4.2015, kl. 07.00)	Tjarnhólar (OFL) ÚFL-B	Sigurður Magnússon	Halldór G. Björnsson	Kári Heiðdal
201504	Lau. 06.06.2015	(13.5.2015, kl. 07.00)	Draugatjörn	Margrét Pétursdóttir	Sigurður Ben Björnsson	Guðjón P. Sigurðsson
201505	Lau.20.06.2015	(27.5.2015, kl. 07.00)	Melgerðismelar	Kjartan Lorange	Halldór G. Björnsson	Fanney og Hulda
201506	Sun.21.06.2015	(27.5.2015, kl. 07.00)	Melgerðismelar	Halldór G. Björnsson	Kjartan Lorange	Fanney og Hulda
201507	Fös.10.07.2015	(16.6.2015, kl. 07.00)	Murneyrar á Skeiðum	Ole J. Andersen	Sigurður Magnússon	Jens Magnús / Ingibjörg Friðriks
Deildars.	Lau. 11.07.2015		Brautarholt á Skeiðum	Philippe Lammens		
201508	Sun. 12.07.2015	(16.6.2015, kl. 07.00)	Murneyrar á Skeiðum	Ole J. Andersen	Sigurður Magnússon	Ingibjörg Friðriks / Jens Magnús
201409	Lau.08.08.2015	(15.7.2015, kl. 07.00)	Húsafell / Sílatjörn	Gitte Roed	Kjartan Lorange	Tóti / Heiðar
201410	Sun.09.08.2015	(15.7.2015, kl. 07.00)	Húsafell	Gitte Roed	Kjartan Lorange	Heiðar / Tóti
201411	Lau.05.09.2015	(12.8.2015, kl. 07.00)	Villingavatn	Kjartan Lorange	Margrét Pétursdóttir	Ingólfur Guðmundsson

Þá hefur Veiðinefnd skipulagt opnar æfingar fyrir deildarmeðlimi sem hefur verið tekið fagnandi og hafa verið vel sóttar.

Göngu- og skemmtinefnd hefur einnig lagt fram dagskrá fyrir árið, og er viðburðardagatalið á heimasíðunni fullt af skemmtilegum viðburðum. Við hvetjum deildarmeðlimi til að fylgjast með því sífellt er verið að bæta við.

Básanefnd hefur séð um skipulagningu og mönnun á Retrieverbás á sýningum félagsins og stórhundadögum í Garðheimum. Vonast básanefnd til að deildarmeðlimir taki vel í að kynna tegundirnar þegar upp verða settir básar á sýningum.

Lokaorð

Retrieverdeild HRFÍ er eins og áður kemur fram deild eigenda retrieverhunda sem eru meðlimir í HRFÍ. Eins og önnur áhugamannafélög endurspeglar styrkur og starf svona deildar áhuga og þátttöku félagsmanna í starfinu. Það er óhætt að segja að við sem störfum í kringum deildinna finnum mikið fyrir áhuga deildarmeðlima og eins er samheldni og velvilji deildarmeðlima mikilvægt innlegg í starfið. Það er þó ekki svo að misjöfn sýn og viðhorf komi ekki fram hjá félögum, deildin hefur borið gæfu til að geta rætt málin og unnið úr málum á jákvæðan hátt. Flestir deildarmeðlimir ættu að finna hugmyndum og áhuga sínum farveg í einhverjum nefnda deildarinnar. Skemmti- og göngunefnd hefur staðið fyrir því að deildarmeðlimir hittist t.d. í göngutúrum á mismunandi stöðum, skemmtikvöldum, bingókvöldum, sýningarþjálfun, eins hefur nefndin verið ötul í að hvetja fólk til að hittast á viðburðum eins og veiðiprófum og deildarviðburði. Básanefnd hefur staðið fyrir uppsetningu kynningarbása þar sem boðið hefur verið uppá það í Garðheimum og sýningum. Sýningarnefnd stendur að deildarsýningu og svo því starfi sem

deildin leggur til á sýningum HRFÍ. Veiðinefnd skipuleggur og stendur að veiðiþrófum og stendur jafnframt að opnum veiðiæfingum og óformlegum prófum.

Sjálfboðaliðastarf er hornsteinn þessa starfs og stjórn þakkar öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóginn við framkvæmd veiðiþrófa, deildarsýningar, uppsetningar alþjóðlegra sýninga, skipulag á öllum viðburðum á vegum deildarinnar. Eins og áður kom fram er framlag dómara ómetanlegt og er ástæða til að undirstrika það. Dyrheimar innflutningsaðilar af Royal Canin eru helsti styrktaraðili deildarinnar, ásamt þeim hafa Bendir ehf, Stálnaust styrkt starf deildarinnar og nokkrir ræktendur hafa styrkt heimasíðu deildarinnar með auglýsingum á gotum. Að lokum óskum við öllum þeim sem hafa náð árangri með hunda sína á árinu til hamingju og vonumst eftir að sem flestir finni vettvang fyrir sig í starfi deildarinnar.

Reykjavík 2. mars 2015.

Fyrir hönd stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ



Heiðar Sveinsson formaður

Retrieverdeild HRFÍ (kt. 610809-0490).
Bankareikningur (0701-26-610809)

Rekstrarreikningur 2014

	Gjöld	Tekjur
Styrkur frá Dýrheimum v. heimasíðu		24.000
Styrkur frá Bendi ehf v. heimasíðu		90.000
Styrkur frá Hyundai / BL ehf		75.000
Styrkur frá IPP ehf v.pökkun		100.000
Styrkir frá 8 ræktendum til rekstrar heimasíðu		40.000
Seldar 4 derhúfur		6.000
Sýningarþjálfun (6 skipti)		51.500
Óformlegt veiðipróf og vinnueiginleikamat		4.500
Bingókvöld í nóvember	1.921	45.700
Kaffisjóður (kaffi og með því á viðburðum)	16.078	
Frystikista f.bráð (keypt notuð í júlí)	20.000	
Keypt bráð (210 Svartfuglar)	105.000	
Gjöf meindýraeyðir	10.000	
Páskaeggjaleit 2014	11.439	
Styrkur til dómaranema vegna námskeiðs í Noregi	33.250	
Matur og viðgerð á tjaldi deildarviðburð	16.000	36.118
Vefvistun hjá Tónaflóði, jan.- nóv.2014	60.828	
ISNIC-Lén árgjald f/retriever.is	7.233	
Staðgreitt vegna deildarsýningar	94.784	
Staðgreitt vegna veiðiprófa	185.194	
Uppgjör frá HRFÍ vegna deildarsýningar og prófa 2014		390.935*
Vextir og fjármagnstekjuskattur	91	458
Rekstrarhagnaður	302.393	
	=====	=====
Samtals:	864.211	864.211


*Skýringar vegna viðburða á vegum deildarinnar (deildarsýning í Húsafelli og 14 veiðiprófa). Skráningar á deildarsýningu voru 65 og á veiðipróf 216. Skráningargjöld voru 238.757 fyrir sýninguna og 675.697 fyrir veiðiprófin, eða 914.454 að frádregnum VSK. Kostnaður greiddur til skrifstofu HRFÍ var 237.660 (89.160 fyrir sýningu 167.760 fyrir veiðipróf 45.819 endurgreitt prófgjald), ýmis kostnaður staðgreiddur af HRFÍ var 234.416 og kostnaður staðgreiddur af Retrieverdeild var 279.978. Rekstrarhagnaður viðburða var 59.817, en Dýrheimar, umboðsaðili Royal Canin á Íslandi, greiddi að venju flug og gistikostnað eins erlends veiðiprófsdómara.

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Hrein eign Retrieverdeildar HRFÍ 31. desember 2014 var kr. 665.271,- í lausafé, á bankabók (0701-26-610809), Til samanburðar var hrein eign þann 31.12.2013 kr.362.877,-

Reykjavík, 25. febrúar 2015.

Fyrir hönd stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ



Þórhallur Atlason, gjaldkeri